

## STF-2016-06 Vistspor og náttúruvernd

Markmið með verkefninu er að fræða íbúa Skaftárhrepps um umhverfismál, leiðir til meiri sjálfbærni með minnkun vistspora og einnig að kynna ný náttúruverndarlög nr. 60/2013 sem tóku gildi 1. nóv. 2015.

Afrakstur verkefnisins verður myndræn og lifandi fræðsla um vistspor í umhverfinu. Verkefnið getur mögulega leitt til áframhaldandi vinnu í samráði við sveitarfélagið og skólayfirvöld. Fræðsla um ný náttúruverndarlög er til þess fallin að upplýsa fólk og fyrirtæki, sem nýta náttúruna í margvíslegum tilgangi, um þær breytingar sem hafa orðið á lögum um náttúruvernd og koma með því í veg fyrir árekstra í samskiptum, t.d. vegna ferðaþjónustu og ferðamanna.

Mælikvarði á árangur er að í framhaldi af verkefninu verði til starfshópur sem vinnur með málið áfram og einnig að sveitarstjórn nýti ákvæði náttúruverndarlaga til að setja skýrar reglur um umgengi og umferð þar sem það á við.

Verkefninu var úthlutað kr. 400.000.- árið 2016.